

99

13. okt.

## 10. gr.

Umsóknnum um styrk úr sjóðnum fylgi tillögur um styrkveitinguna frá yfirlækni og yfirhjúkrunarkonu þeirrar deildar Landsspítala Íslands, sem umsækjandi liggur á, einnig vottorð um efnahag umsækjanda frá sóknarpresti hans og frá lækni þeim, sem stundað hefir sjúklinginn áður en hann kom í spítalann. Styrkur sá, sem sjóðurinn veitir, má eigi nema minnu en  $\frac{1}{3}$  hluta kostnaðar af sjúkrahúskostnaði umsækjanda. Komi það fyrir eitthvert ár, að ekki sé þörf á að úthluta öllu því fé, sem handbært er til úthlutunar, leggst af-gangur þess við höfuðstól, um næstu áramót.

## 11. gr.

Endurskoðaðan ársreikning og efnahagsreikning sjóðsins fyrir liðið ár, skal árlega birta í febrúarmánuði í Lögbirtingablaðinu, og í B-deild stjórnar-tíðindanna. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

## 12. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari og er þar með úr gildi fallin eldri skipulagsskrá sjóðsins frá 26. janúar 1926.

*Ingibjörg H. Bjarnason.*  
formaður.

*Inga L. Lárusdóttir.*  
ritari.

100

13. okt.

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Guðrúnar Þórðardóttur og Kristjáns Albertssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 13. október 1930. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs hjónanna Guðrúnar Þórðardóttur og Kristjáns Albertssonar.

## 1. gr.

Sjóðurinn skal heita: „Minningarsjóður hjónanna Guðrúnar Þórðardóttur og Kristjáns Albertssonar“.

## 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 336.00 — þrjú hundruð þrjátíu og sex króna — gjöf frá nokkrum vinum þeirra hjóna, í sambandi við sjötugs af-mæli Guðrúnar Þórðardóttur þann 6. janúar 1930.

## 3. gr.

Tekjur sjóðsins verða gjafir og áheit, er honum kunna að berast.

100  
13. okt.

## 4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og skal hann fyrst um sinn ávaxtast þangað til árlegir vextir eru orðnir kr. 100,00 — eitt hundrað krónur.

## 5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn svo stór, að hann gefur af sér 100 kr. í árlega vexti, má verja úr honum 50 kr. á ári, unz ársvextir verða 150 kr., þá 100 kr., og er þeir hafa náð 200 kr. þá 150 kr. o. s. frv., til þess að hjálpa sorgmæddum og fátækum, sem misst hafa föður eða móður, eiginmann eða eigin konu, uppkomin börn eða fósturbörn, einkum fyrsta sorgarárið; — þó fer sú tímatakmörkun eftir því, sem stjórn sjóðsins álitur að nauðsynlegt sé í hverju einstöku tilfelli.

## 6. gr.

Styrk þenna má aðeins veita heimilisföstum mönnum í Suðureyrarhreppi, án tillits til þess hvort þeir hafa þegið sveitarstyrk eða ekki.

## 7. gr.

Þegar höfuðstóllinn er orðinn það stór, að hann gefur af sér kr. 700,00 — sjö hundruð krónur — í árlega vexti, má einnig verja af vöxtum hans allt að helming þess, sem nota má eftir 5. gr., til að styrkja þá, er verða að leita sér læknishjálpar út úr hreppnum.

## 8. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þessum þrem mönnum: Hreppstjóra Suðureyrarhrepps, oddvita hreppsnefndar og skólastjóra barnaskólans á Suðureyri. Komi það fyrir, að sami maður skipi fleiri en eitt af þessum embættum, skal hreppsnefnd Suðureyrarhrepps, meðan svo er, velja mann, eða menn, í stað þess, eða þeirra, sem vanta kunna. Stjórnin skipti sjálf með sér störfum.

## 9. gr.

Stjórn sjóðsins hefir á hendi umsjón hans og geymir eignaskilríki hans og önnur skjöl. Hún skal halda gerðabók um styrkveitingar og styrkbeiðnir um læknishjálparstyrk og semja ársreikning sjóðsins. Þeir hreppsnefndarmenn, sem ekki eru í stjórn sjóðsins, skulu kjósa 2 endurskoðendur til 5 ára í senn. Ársreikning sjóðsins skal árlega birta í efnahagsreikningi hreppsins, og auk þess skal hann birtur á prenti a. m. k. 5. hvert ár.

100

13. okt.

10. gr.

Sjóðurinn skal, fyrst um sinn, ávaxtast í Sparisjóði Súgfirðinga, en stjórn sjóðsins skal skylt að flytja sjóðinn að nokkru leyti, eða öllu, í Landsbanka Íslands eða Söfnunarsjóð, ef hún telur það tryggara.

11. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

101

14. okt.

## AUGLÝSING

um

staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um meðferð hænsna í kaupúni Hvammstanga í Vestur-Húnavatnssýslu.

Samkvæmt lögum nr. 32 frá 1924, um lögreglusamþykktir í löggiltum verzlunarstöðum, er hérmeð staðfest eftirfarandi

## SAMÞYKKT

um

meðferð hænsna í kaupúninu Hvammstanga í Vestur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Á tímabilinu frá 1. maí til 20. september mega alifuglar, svo sem hænsni, ekki ganga óhindraðir og gæzlulausir í Hvammstangakaupúni, svo að þeir geti farið í matjurtagarða, tún eða afgirtar lóðir, sem ræktaðar eru sem tún eða gróðrarstöðvar, og skulu því eigendur þeirra og aðrir þeir, er alifugla hafa, skyldir til að hafa þá í vel heldum girðingum eða annari öruggri vörzlu þennan tíma árs.